

# Nytjaplöntur á Íslandi 2007

**Yrki, sem mælt er með til ræktunar í landbúnaði,  
garðrækt og landgræðslu**  
*Varieties recommended for use in Icelandic  
agriculture and land reclamation*

**Útgefendur/Publishers:**  
Bændasamtök Íslands  
Landbúnaðarháskóli Íslands

**Ritstjórn:**  
Þórdís Anna Kristjánsdóttir

**Febrúar 2007**

## Efnisyfirlit (*Index*)

Túnrækt ( <i>Herbage plants</i> ) .....	3
Garðflatir ( <i>Amenity grasses</i> ) .....	5
Uppgræðsla ( <i>Land reclamation</i> ) .....	6
Korn til þroska ( <i>Cereals</i> ) .....	7
Grænfóður ( <i>Green fodder crops</i> ) .....	8
Garðávextir ( <i>Potatoes and swedes</i> ) .....	10
Ber ( <i>Berries</i> ) .....	10
Listi yfir kynbótafyrirtæki / eigendur ( <i>Breeders / owners of the cultivars</i> ) .....	12

## Túnrækt (*Herbage plants*)

### Vallarfoxgras (*Phleum pratense* L.)

Vallarfoxgras er afbragðsgott fóðurgras, sé það slegið við skrið, en endist betur ef seinna er slegið.

Adda	LbhÍ	Sprettur vel fyrri hluta sumars, en lítið eftir fyrsta slátt.
Bodin	Gram.	Norskt staðaryrki (Local cultivar). Tæplega eins þolið og uppskerumikið og Adda, Engmo og Korpa.
Engmo	Gram.	Norskt staðaryrki (Local cultivar). Vetrarþolið, en sprettur lítið eftir slátt.
Grindstad	TG	Hentar þar sem sumar er langt, en vetrarþol ekki mikið.
Jonatan	SW	Sæmilega vetrarþolið. Uppskerumikið og gefur viðunandi endurvöxt.
Korpa	LbhÍ	Mjög vetrarþolið yrki. Sprettur vel fyrri hluta sumars, en lítið eftir fyrsta slátt.
Snorri	LbhÍ	Afrakstur samnoræna kynbóta. Valdar plöntur héðan og úr nyrstu héruðum grannlandanna. Vetrarþolið og uppskerumikið.
Vega	Gram.	Uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en önnur vetrarþolin yrki.

### Túnvingull (*Festuca rubra* L.)

Túnvingull er ekki gott fóðurgras og ætti ekki að nota í almennar sáðblöndur. Hins vegar getur hann átt rétt á sér þar sem hætta er á þurrkum og ætti þá að sá honum einum.

Gondolin	DLFT	Mjög lítið prófað hér á landi.
Leik	Gram.	Getur verið aðgangshart í blöndu með vallarfoxgrasi.
Reptans	SW	Gamalt yrki, þrautreynt.
Rubin	SW	Gamalt yrki, þrautreynt.

### Vallarsveifgras (*Poa pratensis* L.)

Vallarsveifgras er skriðult gras sem myndar þéttan grassvörð og lokar eyðum. Það er gott fóðurgras og oftast notað í blöndu með vallarfoxgrasi.

Fylking	SW	Lítill puntur, tiltölulega jöfn spretta allt sumarið.
Lavang	Gram.	Mikill puntur, skriður snemma.
Primo	SW	Gamalt yrki, þrautreynt.
Sobra	SW	Gamalt yrki, þrautreynt.

### Beringspuntur (*Deschampsia beringensis* Hult.)

Beringspuntur er með veikt rótarkerfi fyrstu árin og opinn svörð. Hann þolir illa beit og frostlyftingu. Hann hentar best í hreinrækt í sand- og mýrarjarðvegi og er mjög vetrarþolinn.

Origin Norcoast LbhÍ

### Hálíngresi (*Agrostis capillaris* L.)

Hálíngresi er miðlungi gott fóðurgras og sprettur seint úr sér.

Leikvin	Gram.	Vetrarþol ekki alveg fullnægjandi.
Nor	Gram.	Uppskerumikið af língresi að vera. Vetrarþol viðunandi.

### **Háliðagras (*Alopecurus pratensis* L.)**

Háliðagras sprettur og skriður mjög snemma og þarf því að slá snemma. Það gefur góðan endurvöxt. Fram að þessu hefur einungis verið ókynbættur efniviður á markaði en nú eru í prófun kynbætt yrki.

### **Vallarrýgresi (*Lolium perenne* L.)**

Vallarrýgresi er mjög breytileg tegund. Það er uppskerumikið og gott fóðurgras, sem má slá eða beita. Það er ekki vetrarþolið við íslenskar aðstæður, en snemmsprottið rýgresi getur hentað í sáðskipti við bestu skilyrði. Ferlitna rýgresi er gæðameira en tvílitna, en þolið er minna.

Birger (4n)	SW	Nýtt yrki. Lítið reynt héraendis, en fær góða dóma erlendis.
Liprinta (2n)	Lip.	
Svea (2n)	SW	Mjög snemmsprottið og tiltölulega vetrarþolið.
Tetramax (4n)	DLFT	

2n=tvílitna, 4n=ferlitna.

### **Hávingull (*Festuca pratensis* Huds.)**

Hentar vel til að slá tvisvar, en þolir illa svellalög. Hávingull gæti verið heppilegur til ræktunar í sáðskiptum og í blöndu með rauðsmára.

Norild	Gram.	Norðlægt yrki.
Salten	Gram.	Gamalt yrki, þrautreynt.

### **Rauðsmári (*Trifolium pratense* L.)**

Rauðsmári hentar í blöndu með grasi í forþurrkað vöthey.

Bjursele (2n)	SW
Betty (4n)	SW

2n=tvílitna, 4n=ferlitna.

### **Hvítsmári (*Trifolium repens* L.)**

Hvítsmári hentar einkum í beitartún í blöndu með grasi.

Norstar	Gram.	Hefur reynst vel í tilraunum.
Snowy	Gram.	Lítið reynt yrki.
Undrom	SW	Gamalt yrki, þrautreynt.

## Garðflatir (*Amenity grasses*)

### Hálingresi (*Agrostis capillaris* L.)

Bardot	Bar.	Í golfflatir, ekki vetrarþolið.
Nor	Gram.	

### Vallarsveifgras (*Poa pratensis* L.)

Conni	DLFT	Þolið og gefur fallega flöt.
Fylking	SW	Þolir ekki mjög tíðan slátt.
Julia	Inno.	
Miracle	Inno.	Í golfflatir, ekki vetrarþolið.

### Túnvingull (*Festuca rubra* var. *commutata*)

Bargreen	Bar.
Center	Inno.
Olivia	EuroG.

### Vallarrýgresi (*Lolium perenne* L.)

Vallarrýgresi er fljótt til og þekur vel. Í garðflatir er það notað með þolnum grastegundum til þess að fá fram þekju á fyrsta sumri. Hlutur þess má ekki vera mikill, því að það hverfur eftir einn til þrjá vetur og skilur þá eftir eyður. Einkum er stuðst við niðurstöður frá Noregi.

Allegro	DLFT	
Livonne	Lip.	
Merci	DLFT	Hentar einkum í holufatir (green).
Mondial	AS	
Ronja	SW	Tekur flestum yrkjum fram árið eftir sáningu í Mið- og Norður-Noregi.

## Uppgræðsla (*Land reclamation*)

Við uppgræðslu þarf að velja tegundir og yrki með hliðsjón af aðstæðum og markmiði uppgræðslunnar. Svæði sem á að græða einkennast oft af frostlyftingu og næringarskort og markmiðið er að binda yfirborðið. Yrki á þessum lista geta líka hentað til ræktunar grasflata, þar sem ekki er búist við mikilli umhirðu.

Ef óskað er eftir þekju samsumars má nota skammlífari tegundir og yrki úr túnræktar- og grasflatalista. Þau munu hopta fyrir innlendum gróðri.

### Túnvingull (*Festuca rubra* L.)

Angela	DLFT	Ekki prófað á Íslandi.
Center	Inno.	Ekki prófað á Íslandi.
Cindy	Inno.	Ekki prófað á Íslandi.
Frigg	Gram.	Uppskerulítill, fremur gisin. Talin geta komið í stað Leik í Noregi. Ekki prófuð á Íslandi.
Koket	AS	Álitleg skv. norskum tilraunum. Fremur uppskerumikil. Ekki prófuð á Íslandi.
Leik	Gram.	Öflugt yrki til uppgræðslu, en verður gisið þar sem frostlyfting er.
Pernille	DLFT	Fremur fljótt til og myndar góða þekju, en er ekki vetrarþolið.
Sámur	LbhÍ	Myndar góða þekju og hamlar frostlyftingu sæmilega.
Wilma	SW	Ekki prófuð á Íslandi.

### Vallarsveifgras (*Poa pratensis* L.)

Fylking	SW
Lavang	Gram.

Bæði yrkin eru harðger og þurrkþolin og mynda þéttan svörð.

### Beringspuntur (*Deschampsia beringensis* Hult.)

Beringspuntur hefur reynst næstur melgresi í þoli á sandsvæðum. Hann er þurrk- og vetrarþolinn, en þolir frostlyftingu illa.

Origin Norcoast LbhÍ

### Melgresi (*Leymus arenarius* L. Hochst.)

Fræi er safnað af nokkrum staðarafbrigðum og notað til að hefta sandfok.

### Snarrótarpuntur (*Deschampsia caespitosa* L.)

Snarrót er ekki eftirsóknarverð í tún. Hún getur hins vegar auðveldlega sáð sér inn í tún bænda frá vegköntum. Þess vegna ætti ekki að nota hana á láglandi og alls ekki á svæðum þar sem lítið er af henni, t.d. austan Markarfljóts á Suðurlandi, Suðausturlandi og Vestfjörðum. Ekki eru til viðurkennd yrki af snarrót. Fræ er tekið af staðarafbrigðum af ótilgreindum uppruna.

### Sauðvingull (*Festuca ovina* L. var. *duriuscula*)

Sauðvingull myndar þetta gróðurmottu, sem bindur yfirborðið vel og hamlar frostlyftingu betur en tún-vingull. Lítið bitinn er líður á sumarið. Sauðvingull hentar líka vel í grasflatir, þar sem umhirða er lítil.

Bardur	Bar.	Fremur fljótt til og sæmilega vetrarþolið við erfið skilyrði.
Livina	Lip.	Hamlar frostlyftingu vel, verður bláleitt á haustin.
Quatro	Inno.	Fremur fljótt til og hamlar frostlyftingu vel. Ekki þolið við erfið skilyrði.

### Alskálúpína (*Lupinus nootkatensis* Donn ex Sims)

Niturbindandi tegund sem getur orðið kröftug í rýru landi, harðger og vetrarþolin. Lúpína getur breytt gróðursamfélögum komist hún í þau. Tegundina ætti ekki að nota í grennd við þjóðgarða og önnur friðlýst svæði.

Mela	LbhÍ / Lr	Óvalið íslenskt yrki.
------	-----------	-----------------------

## Korn til þroska (*Cereals*)

### Bygg (*Hordeum vulgare* L.)

Yrki af sexraðabyggi (6r) þroskast fyrr en yrki af tvíraðabyggi (2r) og nýta því vel stuttan vaxtartíma, en hættir til að tapa korni, brotna og leggjast.

Arve (6r)	Gram.	Norskt, þrautreynt hérlendis. Fljótþroska og hefur oft gefið góða uppskeru norðanlands og austan og auk þess á mýrlendi á Vesturlandi. Arve er mjög viðkvæmt í veðrum og hentar ekki sunnanlands, síst ef það þarf að standa fram eftir hausti.
Judit (6r)	SW	Nýtt sænskt, fljótþroska. Þetta yrki hefur staðið sig vel í tilraunum, en er óreynt í ræktun. Hentar á sömu stöðum og Arve.
Lavrans (6r)	Gram.	Norskt. Einkennist af nokkuð öruggri mótstöðu gegn blaðsjúkdómum. Það hefur ekki skilað uppskeru á við bestu sexraðayrki norðanlands og á líklega helst heima í uppsveitum sunnanlands.
Olsok (6r)	Gram.	Norskt, þrautreynt hérlendis. Skriður ekki snemma, en skilar velþroskaðri uppskeru. Hentar vel á sendið land norðanlands og hefur reynst nokkuð vel í uppsveitum sunnanlands.
Tiril (6r)	Gram.	Nýtt norskt, ívið seinna til þroska en Arve, en að öðru leyti svipað. Hentar norðanlands.
Ven (6r)	Gram.	Norskt, tiltölulega seinþroska en hefur gefið góða uppskeru í bestu árum. Það á heima í sandjörð norðanlands og jafnvel syðra líka. Vegna þess, hve það er seinþroska, er því ekki jafn hætt við fokskeimmdum og öðrum sexraðayrkjum.
Filippa (2r)	SW	Sænskt, þrautreynt hérlendis. Fremur seinþroska og hentar ekki norðanlands. Þolir súra jörð. Á best heima á mýrlendi sunnantil á landinu. Bognar í haustveðrum, en brotnar ekki.
IsKría (2r)	LbhÍ	Nýtt íslenskt, líkt Skeglu. Lítið eitt seinna til þroska en Skegla, lægri á vöxt, en skilar 10% meiri uppskeru. Ætti að geta gengið nokkuð víða á landinu.
Rekyl (2r)	SW	Sænskt, seinþroska. Hentar helst á sendna jörð sunnanlands, en þarf langan vaxtartíma.
Saana (2r)	Bor.	Finnskt, seinþroska en strásterkt og stendur vel fram eftir hausti. Saana hentar aðeins þar sem hægt er að sá snemma og sumarið er langt.
Skegla (2r)	LbhÍ	Íslenskt. Mjög fljótþroska. Á helst heima í uppsveitum sunnanlands, í Hornafirði og sums staðar á Norðurlandi. Í lágsveitum sunnanlands reynist Skegla óþarflega fljótþroska og notar ekki allan vaxtartímann.

### **Hafrar (*Avena sativa* L.)**

Hafrar eru heldur seinni til þroska en bygg, en gera minni kröfur til jarðvegs.

Aslak	Bor.	Fljótþroska.
Cilla	SW	Fljótþroska.

### **Grænfóður (*Green fodder crops*)**

Grænfóðuryrkin hafa flest verið lítið reynd í innbyrðis samanburði, en að nokkru leyti er miðað við erlendar niðurstöður, einkum norskar. Sum hafa verið rækтуð hérlandis um árabíl.

### **Bygg (*Hordeum vulgare* L.)**

Baronesse	Nord.	Tvíraða.
Thule	Gram.	Sexraða.

### **Hafrar (*Avena sativa* L.)**

Sumaryrki vaxa hraðar en vetraryrki fyrri hluta sumars, en tréna þegar kemur fram á haustið. Sumaryrki standa sig betur en vetraryrki í samkeppni við illgresi.

Sumaryrki:

Belinda	SW	Miðlungi seint.
Markant	Wier.	Seint til þroska.
Sanna	SW	Miðlungi seint.

Vetraryrki:

Jalna	Mon.
Peniarth	PBI

### **Vetrarrúgur (*Secale cereale* L.)**

Sáð í júlí–ágúst, notað til beitar í maí–júní, kelur þar sem vetrarveðrátta er óstöðug.

Esprit	SW
Riíhi	Bor.

### **Einært rýgresi (*Lolium multiflorum* Lam.) (2n=tvílitna, 4n=ferlitna)**

Sumaryrki (var. *westerwoldicum*):

Andy)	DLFT	Ferlitna.
Barspectra	Bar.	Ferlitna.
Clipper	DLFT	Ferlitna.
Condado	EuroG.	Ferlitna.
Major	Inno.	Ferlitna.
Wesley	AS	Ferlitna.

Vetraryrki (var. *italicum*):

Ajax	DLFT	Ferlitna.
Barextra	Bar.	Ferlitna.
Barmultra	Bar.	Ferlitna. Blaðríkt, en fremur seint.
Danergo	DLFT	Ferlitna.
EF 486 Dasas	DLFT	Tvílitna.
Macho	EuroG.	Ferlitna.
Mondora	AS	Ferlitna.
Tonic	DLFT	Ferlitna.

### Fóðurhreðka (*Raphanus sativus* L. var. *oleiferus*)

Siletina	GSSG
Siletta Nova	ASP

### Fóðurmergkál (*Brassica oleracea* L. var. *acephala*)

Grüner Angeliter	ASP
Maris Kestrel	PBI
Marrow Stem	SISL

### Fóðurnæpa (*Brassica rapa* L. var. *rapifera* Metzg.)

Civasto-R	EuroG.	Tvílitna
Marco	EuroG.	Ferlitna. Tiltölulega lítil hættu á stöngulmyndun.
Vollenda	EuroG.	Ferlitna. Tiltölulega lítil hættu á stöngulmyndun.

### Fóðurrepja (*Brassica napus* L. var. *oleifera* DC)

Vetraryrki:

Akela	Feld.	Dvergafbrigði, stöngull þess lengist nær ekkert og það er ávallt lágvaxið. Það ætti ekki að nota, ef einhver hættu er á arfa.
Barcoli	Bar.	
Delta	SW	
Emerald	DANI	
Hobson	AS	Blaðríkt. Hættir lítið til að blómstra.
Sigma	SW	

### Fóðurnepja (*Brassica rapa* L. var. *oleifera* DC)

Vetraryrki:

Largo	SW
-------	----

### Flækjur (*Vicia sativa* L.)

Eingöngu ræktaðar í blöndu með höfrum.

Nitra	Bar.
-------	------

### Ertur (*Pisum sativum* L.)

Eingöngu ræktaðar í blöndu með höfrum.

Bohatyr	Oseva
Rif	Bar.
Timo	SW

### Einær fóðurlúpína (*Lupinus* spp.)

<i>L. luteus</i> (gul)	
Juno	Poz.
<i>L. angustifolius</i> (blá)	
Sonet	Poz.

## Garðávextir (Potatoes and swedes)

### Kartöflur (*Solanum tuberosum*)

Gullauga	Í innlendri stofnrækt.
Helga (Rautt Gullauga)	Í innlendri stofnrækt.
Premiere	Í innlendri stofnrækt.
Rauðar íslenskar	Í innlendri stofnrækt.

### Gulrófur (*Brassica napus L. rapifera* Metzg.)

Mariubakkarófa	LbhÍ
Sandvíkurrófa	HJ
Vige	Log

## Ber (*Berries*)

### Jarðarber (*Fragaria x ananassa*)

Útiræktun jarðarberja er möguleg hér á völdum stöðum. Gróðurreitir og akríldúkur flýta fyrir uppskeru. Yfirbreiðsla yfir blómgunartíma veldur lélegri frjóvgun. Yrkjunum er raðað eftir því hve fljótt þau þroska ber þau fyrstu frá um 20/7–20/8. Hin seinni frá því um 30/7- og fram í frost.

<b>Glima</b>	Norskt	Snemþroska harðgert yrki. Planta fremur smá. Ber miðlungsstór, vel löguð, bragðgóð með súrum keim. Þroskar ber frá um 20/7. Uppskerumikil allt að 500 gr. á plöntu.
<b>Jonsok</b>	Norskt	Harðgert yrki meðalsnemþroska en seinna en Glima. Polið gegn mjöldögg og grámyglu. Ber meðalstór.
<b>Zephyr</b>	Danskt	Harðgert yrki, litlar plöntur. Fremur snemþroska. Ber meðalstór til stór með súrum keim. Viðkvæm fyrir mjöldögg.
<b>Korona</b>	Hollenskt	Stórar uppréttar plöntur. Seinþroska. Þroskast illa í köldum árum. Ber mjög stór og vel löguð, sæt og bragðmikil. Plöntum hættir við kali.
<b>Bounty</b>	Kanadískt	Plöntur stórar. Hefur reynst vel í útiræktun í Eyjafirði. Frekar seinþroska. Berin eru stór, vel löguð, sæt og dókkrauð.

### Rifsber (*Ribes×pallidum* og *Ribes rubrum*)

Rifsber eru samheiti á bæði tegundum og tegundablendingum.

<b>Rauð hollensk</b> , <i>R×pallidum</i>	Gamalreynt yrki sem hefur verið í ræktun á Íslandi frá a.m.k. um 1830. Þroskar ber vanalega um og eftir mánaðarmót ágúst/september. Uppspera getur brugðist norðanlands í köldum sumrum.
<b>Hvít hollensk</b> , <i>R×pallidum</i>	Með gulhvít ber og sætari á bragðið en Rauð Hollensk. Harðgert á Suðurlandi og gefur ágæta uppskeru í skjóli.
<b>Jonkheer van Tets</b> , <i>R. rubrum</i>	Hollenskt yrki. Harðgert á Suðurlandi og gefur góða uppskeru á skjólsælum stöðum. Gaf álíka eða betri uppskeru og Rauð hollensk í tilraunum á Möðruvöllum í Eyjafirði en kól meira. Langir berjaklasar og stór ber.

### Sólber (*Ribes nigrum*)

Fjöldi gamalla og nýrra yrkja af sólberjum gefur kost á að velja yrki eftir þroskatíma berja, bragði, stærð og hentugleika til notkunar. Bragð og þéttleiki sólberja er mjög mismunandi og henta því ýmist til sultugerðar, frystingar eða að vera etin beint af runnanum. Þroskatími er frá lokum júlí til loka ágúst.

<b>Melalahti</b>	Finnskt	Upprétt og sterklegt vaxtarlag. Mjög harðgert og snemþroska yrki. Mikil og góð reynsla. Getur kalið í kaldari sveitum og köldum árum norðanlands og austan. Berjaklasar þroskast missnemma á greinum en þeir fyrstu eru mjög snemþroska, hefur því nokkuð langan uppskerutíma. Ber góð til neyslu beint af runna. Hentar ekki til berjaframleiðslu, en vel í heimilisgarða, útivistarskóga og á skólalóðir.
<b>Jänkisjärvi</b>	Finnskt	Upprétt vaxtarlag. Snemþroska, mjög harðgert yrki sem hentar vel norðanlands og austan en er hætt við að lifna snemma og lenda í seinum vorhretum sunnanlands. Mikil uppskera og stór ber.
<b>Sunderbyn II</b>	Sænskt	Snemþroska og harðgert yrki, ónæmt fyrir mjöldögg. Líklega harðgerasta yrki fyrir kaldari sveitir norðanlands og austan en er hætt við að lifna snemma og lenda í seinum vorhretum sunnanlands. Uppskera nokkuð mikil. Ber frekar smá.
<b>Polar</b>	Dafo	Runni uppréttur. Hefur reynst öruggur á höfuðborgarsvæðinu. Ónæmur fyrir mjöldögg og blóm þola næturfrost. Meðalstórir klasar með stórum berjum sem þroskast snemma og jafnt. Mikil uppskera. Berin bragðdauf en henta til sultugerðar og stórframleiðslu.
<b>Nikkala XI</b>	Sænskt	Mjög harðgert yrki en runninn er nær jarðlægur, greinar þarfnast uppbindingar. Mikil og stór ber. Gefur mjög mikla uppskeru en þroskar nokkuð seint. Uppskerumest sólberjaryrkja á Möðruvöllum í Eyjafirði.
<b>Öjebyn</b>	Sænskt	Runni uppréttur en greinar leggjast nokkuð mikið niður sérstaklega í niturríkum jarðvegi. Ónæmt fyrir mjöldögg. Getur kalið í kaldari sveitum og köldum árum norðanlands og austan. Blómgast seint og þroskar ber jafnt en fremur seint. Ber stór, bragðmikil og góð. Hentar vel í heimilisgarða.
<b>Storklas</b>	Sænskt	Var kynnt sem endurbætt yrki af Öjebyn í Svíþjóð. Runni uppréttari en Öjebyn en greinar leggjast undan þegar berin þroskast. Ónæmur fyrir mjöldögg. Ber mjög stór en þroskast nokkuð seint. Berin eru braggóð, nokkuð súr og með þykku hýði, henta vel til frystingar og sultugerðar. Góð reynsla á höfuðborgarsvæðinu.

### Stikilsber (*Ribes uva-crispa*)

Þroska ber nokkru síðar en rífs, oft ekki fyrr en upp úr miðjum september. Ná ekki þroska í öllum árum. Þau yrki sem ræktuð eru héraendis eru blendingar milli amerísks stikilsbers (*Ribes hirtellum*) og evrópsks (*Ribes uva-crispa*)

<b>Hinnomäki gul</b>	Einnig kallað Hinnonmäen Keltainen. Þroskuð ber gulgræn. Þolinn gegn mjöldögg. Ber gulgræn með þunnu hýði. Sæt og góð fersk.
<b>Lepaan Punainen</b>	Uppréttur og nokkuð hávaxinn. Nær árviss og mikil uppskera sunnan- og vestanlands. Þolinn geng mjöldögg. Stór brúnrauð ber.
<b>K. F. Packalen</b>	Ber gulgræn til græn. Góð uppskera á höfuðborgarsvæðinu.

## Listi yfir kynbótafyrirtæki / eigendur

### *List of breeders / owners of the cultivars*

AS	Advanta Seeds BV, P.O. Box 1, 4410 AA Rilland, Holland.
ASP	Asmus Soren Petersen, Postfach 6, 24976 Langballig, Þýskaland.
Bar.	Barenbrug Holland BV, Postbus 4, 6678 ZG Oosterhout Gld, Holland.
Bor.	Boreal Plant Breeding, Myllytie 10, 31600 Jokioinen, Finland.
Dafo	Dansk Forskning, Udkærsvej 15, Skejby, DK 8200, Århus N.
DANI	DANI, Plant Breeding Div., Loughgall, Armagh N.I., N-Írland, UK.
DLFT	DLF-Trifolium A/S, P.O. Box 19, Højerupvej 31, 4660 Store Heddinge, Danmörk.
EuroG.	Euro Grass B.V., P.O. Box 26, 6590 AA Gennep, Holland.
Feld.	Feldsaaten Freudenberger GmbH & Co KG, Postfach 111 104, 47812 Krefeld, Þýskaland.
Gram.	Graminor AS, Björke Forsøgsgård, N-2344 Ilseng, Noregur.
GSSG	G. Schneider Saatzucht GmbH, Postfach 6, 24976 Grundhof, Þýskaland.
HJ	Hannes Jóhannsson, Stóru-Sandvík, 801 Selfoss, Ísland.
Inno.	Innoseeds bv, c/o Højerupvej 31, DK 4660 Store Heddinge, Danmörk
Kraj.	Instytut Krajowych Włokien Naturalnych, ul. Wojska Polskiego 71b, 60-630 Poznan, Pólland.
Lip.	Deutsche Saatveredelung, Lippstadt-Bremen, GmbH, Weissenburger Str. 5, D-4780 Lippstadt, Þýskaland.
Log	LOG, Postbox 141, Ökern, N-0580 Oslo, Noregur.
Lr	Landgræðsla ríkisins, Gunnarsholti, 850 Hella, Ísland.
Mon.	Monsanto Crop Sciences Denmark A/S, Postboks 659, DK-2200 København, Danmörk.
Nick.	Nickerson Seeds Ltd, Joseph Nickerson Research Centre, Rothwell, Lincolnshire, LN7 6DT, England.
Nord.	Nordsaat Saatzucht GmbH, Hauptstrasse 1, 38895 Bonhausen, Þýskaland.
Oseva	Oseva UNI a.s., Chocen Na bile 1231, 565 14 Chocen, Tékkland.
PBI	PBI Cambridge Ltd, Maris Lane, Trumpington, Cambridge, CB2 2LQ, England.
Poz.	Poznanska Hodowla Roslin Sp.zoo, z/s w Tulcach 250 B, ul. Kasztanowa 5, 63-004, Tulce, Pólland.
LbhÍ	Landbúnaðarháskóli Íslands, Keldnaholti, 112 Reykjavík, Ísland.
SISL	Sharpe's International Seeds Ltd, Boston Road, Sleaford, Lincs., NG34 7HA, England.
SW	Svalöf Weibull AB, S-268 81 Svalöv, Svíþjóð.
TG	Tollef Grindstad, 1890 Rakkestad, Noregur.
Wier	Landbouwbureau Wiersum BV, P.O. Box 8, NL-9670 AA, Winschoten, Holland.